



Skimanir í nóvember

Talnalykill – Skimun í 3. bekk

6. – 13. nóvember

Við minnum á Talnalykilsskimunina í 3. bekk, sem fram fer dagana 6. – 13. nóvember. Þá koma kennsluráðgjafar Skólaskrifstofunnar í heimsókn og leggja fyrir nemendur 3. bekkjar skimun í stærðfræði. Nánari upplýsingar verða sendar í skólana.

LÆSI skimanir í 1. og 2. bekk

6. – 17. nóvember.

Í nóvember leggja umsjónarkennarar fyrir skimun í LÆSI í 1. og 2. bekk. Í 1. bekk, hefti 1 fyrir 1. bekk og í 2. bekk hefti 2 fyrir 2. bekk. Niðurstöðunum skila kennarar síðan rafrænt til Skólaskrifstofunnar fyrir 27. nóvember. Þeir kennarar sem eru í „Byrjendalæsisnáminu“ skila niðurstöðunum jafnframt til HA.